

Flóahreppur, 26. mars 2018

Berist til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Erindi: Styrkbeiðni vegna samstarfsverkefnis foreldrafélaga.

Blásið hefur verið til samstarfs foreldrafélaga nokkurra leik- og grunnskóla í Flóanum og uppsveitum. Markmið samstarfsins er að efla foreldrafélögin og búa til samstarfsgrundvöll um stærri viðburði. Samstarfið er byggt á fyrirmynd Foreldraþorpsins sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaganna í kringum Laugardalinn í Reykjavík. Slíkt samstarf hefur gert þessum félögum kleift að standa að stærri og veglegri viðburðum heldur en hvert félag gæti gert eitt og sér. Það er mikil þörf á öflugum foreldrafélögum því mörg flókin úrlausnarefni brenna á foreldrum nú til dags. Það er mikilvægt að félögin geti starfað á styrkum grunni og boðið upp á öflugt starf. Samstarf þeirra hefur fengið nafnið Foreldrasveitin og vísar það þannig til þess svæðis sem liggur undir og þess að með samtylltu átaki má ná enn betri árangri.

Fyrsti viðburður Foreldrasveitarinnar hefur verið ákveðin þann 12. apríl næstkomandi. Málefni fundarins eru snjalltæki og áhrif þeirra á börn og ungmenni. Þetta er málefni sem brennur á foreldrum í dag enda hafa orðið miklar breytingar á skömmum tíma. Það er því eðlilegt að foreldrar séu áhyggjufullir og viljið fræðast um þessi mál. Nú þegar hefur sveitin fest sér tvo fyrirlesara fyrir þennan fund. Það eru þau Björn Hjálmarsson læknir hjá BUGL og Arna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur. Bæði hafa þau mikla reynslu af þessum málefnum og hafa talað víða undanfarið. Stefnt er að því að fá tvo fyrirlesara í viðbót til að fjalla um málefnið.

Foreldrafélög Flóaskóla og Krakkaborgar ósk eftir styrk að upphæð kr. 50.000 til að standa straum af kostnaði af sameiginlegum fyrirlestri Foreldrasveitarinnar. Sá styrkur verður nýttur til að greiða fyrirlesurum og til að standa straum af kaffiveitingum á fundinum. Við teljum það mikilvægt að sveitarstjórn standi þétt við bakið á foreldrafélögunum í þessu verkefni enda er það vísirinn að enn öflugra samstarfi í framtíðinni.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 200-250 þúsund krónur. Ljóst er að félögin standa ekki undir slíkum kostnaði án stuðnings.

Fundurinn verður í Aratungu þann 12. apríl næstkomandi.

Með fyrirfram þökk

Fh. Stjórnar foreldrafélags Flóaskóla

Helga Sigurðardóttir, formaður

og

Fh. Stjórnar foreldrafélags Krakkaborgar

Katrín Ástráðsdóttir, formaður.